

Tillaga fulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata og Sósalistaflokks Íslands um stofnun teymis frístundatengla til að styðja við börn í viðkvæmri stöðu.

Fulltrúar Samfylkingar, Pírata og Sósalistaflokks Íslands leggja til að teymi frístundatengla verði stofnað til að þjónusta skólahverfi til að ná til barna í viðkvæmri stöðu; fátækra barna, fatlaðra barna og barna af erlendum uppruna. Fyrir er frístundatengill í Suðurmíðstöð og nýtt stöðugildi frístundatengils var fjármagnað í nýsamþykktu fjárhagsáætlun. Lagt er til að frístundatenglarnir vinni þétt saman og þjónusti alla borgina. Er velferðarsviði falið að útfæra umgjörð og vinnulag að fyrirmynd Suðurmíðstöðvar til að samræma vinnubrögð og verklag í samvinnu við Menningar – og Íþróttasvið sem heldur utan um nýstofnaðan styrktarsjóð en sjóðurinn er hugsaður til að styðja við greiðslu þátttökugjalda og útbúnað í íþrótt- og tómstundastarfi. Með þessu er verið að samtvinna enn betur skólalag barna í viðkvæmri stöðu við skipulagt tómstundastarf og þannig er hægt að vinna með farsæld barnsins eftir að skóladegi lýkur inn í skipulagt frístunda- og tómstundastarf til að tryggja þátttöku og virkni lengur inn í daginn. Um er að ræða tilraunaverkefni til þriggja ára.

Greinargerð:

Rannsóknir sýna að þátttaka í íþrótt- og tómstundastarfi er einn af verndandi þáttum gegn áhættuhegðun barna, hefur mikið forvarnargildi og er ein besta leiðin til samfélagslegrar inngildingar barna í nærsamfélagið. Þátttaka barna í skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi hefur aukist jafnt og þétt en reynslan sýnir að börn í öllum hverfum borgarinnar hafa þurft á handleiðslu, félagslegum- og fjárhagslegum stuðningi að halda. Markmiðið með farteymi frístundatengla er að auka þátttöku og virkni barna og unglunga í viðkvæmri stöðu út um alla borg í íþróttum og öðru skipulögðu tómstundastarfi. Í því felast mikilvæg tækifæri til aukinnar inngildingar, bættrar lýðheilsu og forvarna sem aftur styður við farsæld barna. Mikilvægt er að teymi frístundatengla vinni náið með starfsmanni átaksverkefnis Íþróttabandalags Reykjavíkur, mennta- og barnamálaráðuneytisins og Reykjavíkurborgar í Breiðholti þann tíma sem það verkefni varir eða hið minnsta næstu þrjú ár.

Styrktarsjóður sem stofnaður var í menningar- og íþróttaráði mun styðja við verkefnið. Sjóðurinn er eingöngu hugsaður fyrir börn og ungmenni í viðkvæmri stöðu sem búa við fátækt, fötlun eða eru í þörf fyrir félagslega inngildingu. Lagt er til að sjóðurinn veiti styrki í tvennum tilgangi. Annars vegar til að brúa bil þess auka kostnaðar sem kann að falla til við íþrótt- og tómstundastarf eins og kaup/leigu á búnaði, ferðalög og viðburði. Hins vegar til að greiða þátttökugjöld barna og ungmenna í skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi fyrir eina tómstund þegar búið er að nýta frístundastyrkinn. Velferðarsviði er falið að móta umgjörð og vinnulagi þannig að verklagið verði samræmt í samvinnu við Menningar- og Íþróttasvið með hliðsjón af því verklagi sem mótað hefur verið á vegum Suðurmíðstöðvar í tengslum við verkefnið Frístundir í Breiðholti og styrktarsjóðunum sem styður það verkefni.

Kostnaður

Velferðarsvið fékk úthlutað 12 milljónum króna við síðari umræðu fjárhagsáætlunar 2026 til að fjármagna frístundatengilinn á næsta ári. Áætlaður kostnaður við starf nýs stöðugildis frístundatengiliðs með launatengdum gjöldum er 12 milljónir á ári eða 36 milljónir í þrjú ár, fjármagnað af velferðarsviði en fjármagn í styrktarsjóðinn 5 milljónir á ári, fjármagnað af menningar- og íþróttasviði eða 15 milljónir í þrjú ár. Hvort tveggja var samþykkt í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir 2026 þann 2. desember 2025.

Forsaga af verkefninu – Frístundir í Breiðholti

Verkefnið *Frístundir í Breiðholti* var tilraunaverkefni til þriggja ára frá 2020 til haustsins 2023. Markmið verkefnisins var að auka þátttöku jaðarsettra barna, þ.e. barna af erlendum uppruna, fatlaðra barna og barna sem búa við fátækt. Auk þess var ætlunin að auka á málnotkun barna af erlendum uppruna með þátttöku þeirra í íþrótt- og frístundastarfi. Verkefnið skilaði góðum árangri og var vilji fyrir að halda því áfram.

Um mitt ár 2023 var samþykkt í borgarráði að festa *Frístundir í Breiðholti* í Suðurmiðstöð til framtíðar. Í ákvörðuninni fólst að Suðurmiðstöð yrði á fjárhagsáætlun en að í Norður-, Vestur-, og Austurmiðstöðvum yrði útfært verkefni fjármagnað af sjóði, sem kom frá ríkinu og var til tilraunar í tvö ár. Útfærðu miðstöðvarnar þrjár Norður-, Vestur- og Austurmiðstöð mismunandi leiðir til að ná til barna í sínum hverfum auk þess sem aðgangur var að fjármagni eins og í Suðurmiðstöð fyrir börn í viðkvæmri stöðu. Um áramót hefur öllu styrktarfjármagni frá ríkinu verið ráðstafað.

Þær aðgerðir sem lagt var upp með í Breiðholti þegar verkefnið fór af stað:

Styrking verkefna fyrir leikskólabörn. Börnum í 1. og 2. bekk býðst að vera í tveimur íþrótt- eða frístundagreinum gegn einu gjaldi. Börn í 1. og 2. bekk geti fært sig milli íþróttagreina gegn einu gjaldi. Að stefna á að börnin klári vinnudaginn fyrir 17:00. Að bjóða upp á frístundarútu svo þau komist til iðkunar. Að öflugt kynningastarf yrði til að kynna þau úrræði sem í boði eru, til þeirra sem bjóða upp á iðkun, foreldra, barna og allra sem að börnunum koma. Virkja íslenskunotkun meðal barna. Styrktarsjóður fyrir börn sem þurfa á því að halda, vegna fátæktar eða annarra ástæðna. Viðtæk samvinna þeirra sem vinna með börnin í þeirra nærumhverfi og síðast en ekki síst að ráða frístundatengil sem vinnur að því að fara á vettvang til að ræða við börn og foreldra til að koma börnum til iðkunar.